

1704402

Hafnarfirði 8.júní 2017

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Starfshópur um framtíðarnotkun St. Jósfsspítala

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala fara fram á það að skilgreint verði hvað átt er við með orðinu almannabjónusta sem fram á að fara í húsnæði St. Jósefsspítala, áður en starfshópur verður skipaður.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja brýna nauðsyn þess að í þeirri skilgreiningu verði tekið mið af skyldum bæjaryfirvalda til þjónustu á málefnum fatlaðra og aldraðra. Í orðnu almannabjónusta felist sú heilbrigðistengda starfsemi sem fellur undir skyldur sveitarfélagsins.

Jafnframt verði bæjarbúum kynnt staðan á þeirri heilbrigðisþjónustu sem fellur undir skyldur sveitarfélagsins.

Stjórn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala telur að með því að skilgreina heilbrigðistengda starfsemi í St.Jósefsspítala geti Hafnarfjörður orðið í fararbroddi í forvörnum, eftirfylgd og endurhæfingu við bæjarbúa á öllum sviðum og aukið þannig lífsgæði Hafnfirðinga til framtíðar.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala teljast til helstu hagsmunaaðila St.Jósefsspítala. Hollvinasamtök St.Jósefsspítala bjóða eftir sem áður víðtækt samráð og samtal við skipaðan starfshóp og óskar eftir því að vera kölluð til fundar við viðkomandi starfshóp um leið og hann tekur til starfa.

Hollvinasamtökin minna á að þau óskuðu eftir því með bréfi til bæjarstjóra árið 2015 að skipaður yrði starfshópur um framtíðarnotkun St. Jósefsspítala, með þátttöku stjórnar Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala. Bauð stjórn Hollvinasamtakanna þrjá fulltrúa til setu í starfshóp um undirbúning að framtíðarnotkun sjúkrahússins.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala minna á að tilgangur félagsins er að bæta heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði, Hafnfirðingum og öðrum til hagsbóta.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala stofnuð 14.5.2014  
kt. 640216-0260

Virðingarfyllst,  
f.h. Stjórnar  
Steinunn Guðnadóttir formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala

*Steinunn Guðnadóttir*